

Í dag kynnir Hafrannsóknastofnun úttekt á ástandi nytjastofna og ráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár. Aflamark fyrir á þriðja tug stofna er lagt til á grundvelli langtímamarkmiða um sjálfbæra nýtingu. Ráðgjöfina í heild sinni má nálgast á vef Hafrannsóknastofnunar undir [Ráðgjöf](#).

Hafrannsóknastofnun ráðleggur 1 % hækkun aflamarks þorsks fiskveiðíárið 2023/2024. Byggir sú ráðgjöf á aflareglu stjórnvalda. Því hækkar ráðlagður heildarafli úr 208 846 tonnum á yfirstandandi fiskveiðíári í 211 309 tonn. Hækkunina má rekja til hækkunar á mati á viðmiðunarstofni í ár. Gert er ráð fyrir að viðmiðunarstofn þorsks fari hægt vaxandi næstu tvö til þrjú ár þegar árgangarnir frá 2019 og 2020 koma að fullu inn í viðmiðunarstofninn þar sem þeir eru nú metnir yfir meðallagi.

Samkvæmt aflareglu verður aflamark ýsu 76 415 tonn sem er 23 % hækkun frá yfirstandandi fiskveiðíári. Áætlað er að viðmiðunarstofninn muni stækka næstu tvö árin vegna góðrar nýliðunar árána 2019 til 2021.

Ráðgjöf fyrir ufsa samkvæmt aflareglu lækkar um 7 % frá yfirstandandi fiskveiðíári og er 66 533 tonn.

Ráðgjöf fyrir gullkarfa 2023/2024 er 41 286 tonn, 62 % hærra en á yfirstandandi fiskveiðíári. Ástæða hækkunarinnar er sú að grunnur stofnmats var endurskoðaður á rýnifundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í byrjun árs. Þrátt fyrir hækkunina er rétt að benda á að nýliðun gullkarfa hefur verið mjög slök undanfarinn áratug og af þeim sökum hefur hrygningarstofn minnkað umtalsvert á undanförunum árum. Fyrirséð er að stofninn fari minnkandi á komandi árum og að draga þurfi verulega úr sókn.

Lagt er til að aflamark djúpkarfa verði 0 tonn þar sem hrygningarstofn er metinn undir varúðarmörkum. Þessi ráðgjöf er byggð á nýuppfærðu stofnmati fyrir djúpkarfa eftir rýnifund Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Ekki er búist að stofninn fari upp fyrir varúðarmörk í fyrirsjáanlegri framtíð.

Ráðgjöf fyrir grálúðu lækkar um 19 % frá fyrra ári og er 21 541 tonn. Ráðlagt aflamark er lægra vegna endurskoðunar á grundvelli stofnmatsins eftir rýnifund Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar fer nú ört vaxandi, eftir samfellda minnkun árin 2008–2019 vegna slakrar nýliðunar og þrálátrar frumdyrasýkingar í stofninum. Árgangar 2017–2019 eru metnir talsvert stærri en undangengnir árgangar og eru nú meginuppistaðan í viðmiðunarstofninum. Ráðgjöf samkvæmt aflareglu stjórnvalda er 92 634 tonn eða 40 % hærra en á yfirstandandi fiskveiðíári.

Á meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir ráðgjöf stofnunarinnar.

Tillögur um hámarksafra fiskveiðiárið 2023/2024, ásamt tillögum og aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 (í tonnum). Einnig er sýnd hlutfallsleg (%) breyting á ráðgjöf milli fiskveiðirára.

Stofn Stock	Ráðgjöf 2023/2024 Recommended TAC 2023/2024	Ráðgjöf 2022/2023 Recommended TAC 2022/2023	% Breyting % Change	Aflamark 2022/2023 National TAC 2022/2023
Porskur (<i>Cod</i>) ^{1,2}	211 309	208 846	1	208 846
Ýsa (<i>Haddock</i>) ^{1,2}	76 415	62 219	23	62 219
Ufsi (<i>Saithe</i>) ^{1,2}	66 533	71 300	-7	71 300
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>) ^{3,4}	41 286	25 545	62	25 545 (22 615)
Djúpkarfi (<i>Dem. beaked redfish</i>)	0	6 336	-100	6 336
Litli karfi (<i>Norway redfish</i>) ⁵	569	585	-3	585
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>) ^{3,4}	21 541	26 710	-19	26 710 (15 064)
Skarkoli (<i>Plaice</i>) ^{1,2}	7 830	7 663	2	7 663
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>) ⁵	971	1 137	-15	1 137
Langlúra (<i>Witch</i>) ⁵	1 476	1 230	20	1 230
Sandkoli (<i>Dab</i>) ⁵	361	301	20	301
Stórkjafra (<i>Megrim</i>) ⁵	92	132	-30	-
Steinbitur (<i>Atlantic wolffish</i>) ^{1,2}	8 344	8 107	3	8 107
Hlýri (<i>Spotted wolffish</i>) ⁵	296	334	-11	334
Langa (<i>Ling</i>) ^{1,2}	6 566	6 098	8	6 098
Blálanga (<i>Blue ling</i>)	259	259		259
Keila (<i>Tusk</i>) ^{1,2}	5 139	4 464	15	4 464
Lýsa (<i>Whiting</i>)	1 309	1 091	20	-
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>) ⁵	188	258	-27	258
Tindaskata (<i>Starry ray</i>)	822	1 105	-25	-
Sumargotssíld (<i>Herring</i>) ^{1,2}	92 634	66 195	40	66 195
Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>)	12 080	11 520	5	11 520
Beitukóngur (<i>Common whelk</i>)	196	254	-23	254
Sæbjúga (<i>Sea cucumber</i>)	2 546	2 617	-3	2 617
Ígulker (<i>Sea urchin</i>) ⁵	194	188	3	188
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	75	93	-19	93

¹ Ráðgjöf samkvæmt aflareglu. – Advice according to harvest control rule.

² Ráðgjöf og aflamark samkvæmt samþykktum stjórnunarmarkmiðum. – Advice and national TAC according to agreed management plan.

³ Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. – TAC for the total area of distribution for the calendar year.

⁴ Samanlagt heildaraflamark allra veiðipjóða og aflamark fyrir Ísland í sviga. – Total TAC and TAC for Iceland within parentheses.

⁵ Ráðgjöf gildir einnig fyrir fiskveiðiárið 2024/2025 - Advice applies also for the 2024/2025 fishing year.